



Öldungaráð Blönduósbæjar - 1. fundur

haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 29. október 2015

og hófst kl. 17:00

**Fundinn sátu:**

Sigurjón Guðmundsson, aðalmaður  
Bóthildur Halldórsdóttir, aðalmaður  
Anna Margrét Jónsdóttir, aðalmaður  
Valgarður Hilmarsson, forseti sveitarstjórnar

**Fundargerð ritaði:** Anna Margrét Jónsdóttir

**Dagskrá:**

**1. Kosning formanns / ritara - 1510068**

*Sveitarstjórn kaus Önnu Margréti Jónsdóttir sem formann Öldungaráðs.*

*Fram kom tillaga um að Sigurjón Guðmundsson yrði ritari Öldungaráðs. Tillagan borin undir atkvæði og var samþykkt með 3 atkvæðum.*

**2. Samþykkt fyrir Öldungaráð Blönduósbæjar - 1510069**

*Lagðar voru fram samþykktir Öldungaráðs.*

**3. Starf Öldungaráðs - 1510070**

*Öldungaráð beinir því til sveitarstjórnar að setja í fjárhagsáætlun fjármuni skv. umsóknum sem sendar voru af félagi eldri borgara varðandi viðhald á þúttvelli og greiðslu húsaleigu í Fróðahúsinu. Rætt var um akstur fyrir eldri borgara. Rætt var að kanna þyrfti áhuga á námskeiðshaldi fyrir eldri borgara í tölvunotkun. Rætt var um að meiri fjölbreytni vanti í skipulagt tómstundastarf eldri borgara sem haldið er tvisvar í viku.*

*Öldungaráð beinir því til sveitarstjórnar að kanna hvort hægt sé að fá húsnæði undir smíðaiðju í tengslum við tómstundastarf eldri borgara. E.t.v. er hægt að koma því fyrir þar sem áður var rannsóknastofa á 2. hæð sjúkrahússins.*

*Öldungaráð beinir því til sveitarstjórnar og stjórnar félags eldri borgara að skipuleggja aukna akstursþjónustu fyrir ýmsa viðburði í sveitarfélaginu.*

*Öldungaráð stefnir að því að funda aftur fljótlega og fá þá fulltrúa frá Rauða krossinum til skrafs og ráðagerða um samstarf.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_